

Nd.

252. Frumvarp til laga

[139. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kennarar við stofnanir, sem láta í té kennslu samkvæmt fræðslukerfi ríkisins og með þeim hætti, sem menntamálaráðherra samþykkir, geta orðið sjóðfélagar, enda taki stofnanir þær, er hlut eiga að máli, á sig allar skuldbindingar launagreiðanda samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeirri breytingu á gildandi lögum um Lífeyrissjóð barnakennara, að kennarar við stofnanir, sem láta í té kennslu samkvæmt fræðslukerfi ríkisins og með þeim hætti, er menntamálaráðherra samþykkir, geti orðið sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara. Er hér um að ræða einkaskóla fyrir skólaskyld börn og unglinga. Eins og sakir standa mun hér um einn skóla að ræða, sem ákvæði frumvarpsins taka til, Landakotsskólann í Reykjavík.

Samkvæmt frumvarpinu ber hlutaðeigandi stofnun að taka á sig allar skuldbindingar launagreiðanda, er af frumvarpinu leiðir, ef að lögum verður.